

4. gr.

Umsóknum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um, hvernig verja eigi lánsfénu, efnahags- og rekstrarreikningar síðasta árs, ef um eldra fyrirtæki er að ræða, uppdrættir af byggingum og lýsing á búnaði og fyrirkomulagi.

Við athugun á teikningum, búnaði og fyrirkomulagi skal þess gætt, að í samræmi sé við lög og reglugerðir um veitingasölu og gístitaðahald, svo og lög um heilbrigðis- og hollustuhætti.

5. gr.

Búnaðarbanki Íslands annast vörslu Ferðamálasjóðs, bókhald, innheimtu og útborganir, svo og mat á þeim tryggingum, sem settar eru fyrir lánnum úr sjóðnum.

Samið skal um sérstaka þóknun til bankans til að standa undir kostnaði við rekstur og umsjón sjóðsins.

6. gr.

Ekkert lán má vera hærra en sem nemur $\frac{1}{3}$ hluta þess fjár, sem sjóðurinn getur haft til útlána á árinu, að lánsfé meðtöldu. Eigi má lána meira til eins verks en sem nemur $\frac{2}{3}$ hlutum af áætluðu kostnaðarverði.

Rekstrarlán er óheimilt að veita úr Ferðamálasjóði.

7. gr.

Lán eru ekki framseljanleg nema með leyfi Ferðamálaráðs. Verði rekstri þeim hætt, sem skapað hefur rétt til láns, hefur Ferðamálaráð heimild til þess að krefjast greiðslu á eftirstöðvum lánsins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um skipulag ferðamála, nr. 60 31. maí 1976, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur niður reglugerð um Ferðamálasjóð nr. 272 31. desember 1964.

Samgönguráðuneytið, 24. júlí 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

REGLUGERÐ**um almennar ferðaskrifstofur.**

1. gr.

Almennar ferðaskrifstofur gegna því hlutverki að veita í atvinnuskyni þjónustu fyrir almenning, sem nánar greinir í 14. gr. laga um skipulag ferðamála, nr. 60 31. maí 1976.

2. gr.

Til þess að reka almenna ferðaskrifstofu þarf leyfi samgönguráðuneytisins, hvort heldur er um að ræða aðalskrifstofu eða útibú.

3. gr.

Ferðaskrifstofa skal vera þannig staðsett, að almenningur eigi greiðan aðgang að húsakynnum hennar. Afgreiðsla ferðaskrifstofu skal vera opin allt árið, a. m. k. 5 daga í viku hverri á venjulegum skrifstofutíma.

4. gr.

Einn eða fleiri af starfsmönnum ferðaskrifstofu á hverjum tíma skal hafa að baki a. m. k. þriggja ára reynslu við almenn ferðaskrifstofustörf.

5. gr.

Til reksturs ferðaskrifstofu, hvort heldur er um að ræða aðalskrifstofu eða útibú, skal setja bankatryggingu.

Við endurskoðun á fjárhæð tryggingar, sem eigi skal vera sjaldnar en á þriggja ára fresti, skal leggja til grundvallar þær breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar, sem átt hafa sér stað síðan tryggingarfjárhæð var síðast ákveðin.

6. gr.

Nú hættir ferðaskrifstofa störfum og fellur þá skylda til tryggingar niður. Þó fellur trygging eigi niður, fyrr en fram hefur verið lögð yfirlýsing löggilts endurskoðanda um að eigi sé til að dreifa ófullnægðum kröfum skuldheimtumanna eða annarra viðskiptamanna ferðaskrifstofunnar á hendur henni.

7. gr.

Með eigendum og umráðamönnum samgöngutækja samkvæmt 22. gr. laganna er átt við flugfélög og skipafélög, sem reka samgöngutæki til farþegaflutninga allt árið í áætlun eða leigu, svo og sérleyfishafa, enda hafi þessir aðilar opna skrifstofu eða afgreiðslu allt árið a. m. k. 5 daga í viku hverri á venjulegum skrifstofutíma.

Samgönguráðuneytið getur ákveðið að fenginni umsögn Ferðamálaráðs að veita öðrum aðilum tímabundið leyfi til að skipuleggja og selja í ferðir, þannig að fæði og/eða næturgisting fylgi.

8. gr.

Ráðuneytið úrskurðar að öðru leyti, hvað telst leyfisskyld ferðaskrifstofustarfsemi og um starfsemi þeirra íslensku ferðafélaga, sem ráðuneytið veitir undanþágu frá ákvæðum laganna.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um skipulag ferðamála, nr. 60 31. maí 1976, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla niður reglur um tryggingarfé ferðaskrifstofa nr. 153 16. júní 1965.

Samgönguráðuneytið, 24. júlí 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Ólafur S. Valdimarsson.